

**Sp. 307. Tillaga til þingsályktunar [126. mál]**

um að fela ríkisstjórninni að gera gagnkvæman höfundaréttarsamning við Bandaríki Ameríku.

(Lögð fyrir Alþingi á 73. löggjafarþingi, 1953.)

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að gera samning við Bandaríki Ameríku um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.

**G r e i n a r g e r ð :**

Bernarsáttmálinn, sem Ísland er eins og kunnugt er nú orðið aðili að, hefur eigi þótt nægilega víðtækur, þar eð ýmis lönd hafa aldrei gerst aðilar að honum, þar á meðal Bandaríki Ameríku.

Því var það, að menningarmálanefnd Sameinuðu þjóðanna beitti sér fyrir nýjum og víðtækari sáttmála um vernd höfundaréttar og hafa Bandaríkin m. a. gerst aðili að honum. Hér á Alþingi hefur nýlega verið samþykkt þingsályktunartillaga um aðild Íslands að þessum sáttmála.

Enda þótt Ísland gerist aðili að hinum nýja sáttmála, er engu að síður rétt að gera sérstakan samning við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttar. Er það vegna þess, að búast má við, að langur aðdragandi verði að því, að þátttaka samningsríkjanna verði staðfest (ratificeruð) af þeim, og að sáttmálinn veitir ekki eins mikla vernd, eins og ætla má að hægt sé að ná með sérstökum samningi við Bandaríkin. Með þessari tillögu er þess vegna lagt til, að gerður verði sérstakur samningur við Bandaríkin um gagnkvæma vernd höfundaréttinda.